

# Minnisblað 1001

## Basic Novice

2024-2025



Skautasamband Íslands

[www.iceskate.is](http://www.iceskate.is)

Icelandic Skating Association

[info@iceskate.is](mailto:info@iceskate.is)

**Communciation 2634** er notað til viðmiðunar (eða uppfærslur á því)

## 1 Verklag umsókna til keppnisþáttöku á ISU móti

1. Skautari skal hafa náð lágmarksviðmiðum á gildu móti fyrir umsóknarfrest.
2. Umsókn þarf að berast að lágmarki 3 vikum fyrir lokaskráningarfrest umrædds móts. . Athuga skal að ef alþjóðlegt mót er haldið á Íslandi, telst það vera hluti af mótum á ISU lista.
3. Með umsókn skal fylgja protocol sem sýnir umrædd lágmark. Forráðamaður/þjálfari ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á [info@iceskate.is](mailto:info@iceskate.is)
4. Afreiðslutími erinda er tvær vikur og er afgreiddur af skrifstofu/afreksstjóra.

Athugið að protocol eru ekki sjálfkrafa skoðuð. Það er á ábyrgð umsækjenda að sýna fram á að skautari hafi sýnt fram á lágmarksviðmið fyrir keppnisþáttöku hverju sinni.

## 2 Skilyrði við umsókn - Protocol

Skautari sem sækir um þáttöku á opnu alþjóðlegu móti skal hafa náð 12 ára aldri fyrir upphaf keppnistímabils (1. júlí).

Allir keppendur í Basic Novice, sem sækjast eftir að fara á ISU mót, skulu skila inn protocoli.

Hægt er að sækja um þáttöku á að hámarki tveimur mótum á hverju tímabili fyrir sig.

Keppendur þurfa að sýna fram á virka keppnisþáttöku á tímabilinu sem þeir sækja um þáttöku á erlendu móti á. Virk keppnisþátttaka telst að lágmarki eitt mót á haustönn og eitt mót á vorönn.

Ekki skulu hafa liðið meira en fimm (5) mánuðir frá síðasta móti þegar sótt er um þáttöku.

Skautari telst keppandi í keppnisflokki þegar hann hefur lokið keppni í viðkomandi flokki á gildu móti. Mótið skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 302 um gild mót.

### 2.1 Innihald prógramma

Litið er til innihalds prógramma samkvæmt keppnisreglum. Uppfylla þarf lágmarkskröfur keppnisflokks ásamt eftirfarandi kröfum:

#### Basic Novice

- Einfaldur Axel
- Min 3 mismunandi tvöföld stökk
- CoSp/CcoSp skal hafa erfiðleikastig 2
- Sporasamsetning (StSq) með að lágmarki erfiðleikastig 1

#### 2.1.1 Eftirfarandi gildir fyrir mat á innihaldi prógramma

- Stökk með GOE -5 eða << eru ekki talin uppfyllt element nema annað sé sérstaklega tekið fram
- Píróettur með GOE -3 eru ekki taldir vera uppfyllt element
- StSq með GOE -3 er ekki talið vera uppfyllt element